

Hinn 4. október 2018 voru áform um gerð lagafrumvarpsins lögð fram á fundi ráðuneytisstjóra allra ráðuneyta, sbr. 1. mgr. 1. gr. samþykktar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar. Hinn 5.–10. október 2018 voru áformin birt í samráðsgátt stjórnvalda, sbr. 3. gr. samþykktarinnar. Engar athugasemdir bárust. Vegna eðlis málsins og tilkomu þess (þingsályktun) var ekki talið nauðsynlegt að kynna frumvarpsdrögin, sem byggja á áformunum, í opinni samráðsgátt stjórnvalda. Á vinnslutíma frumvarpsins voru drög að því borin undir velferðarráðuneytið, ríkisskattstjóra og Samband íslenskra sveitarfélaga. Frumvarpið var lagt fram á 149. löggjafarþingi 2018-2019. Þingskjal 403 – 335. mál.